Starfslýsing
Úrvinnsla og framsetning tölulegra upplýsinga fyrir jafnréttisnefnd Landspítala

Næsti yfirmaður: Erna Einarsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðssviðs
Verkstjóri: Auk næsta yfirmanns, Dagrún Hálfdánardóttir, formaður jafnréttisnefndar Landspítala

Markmið starfsins:

- Vinna úr tölulegum upplýsingum sem jafnréttisnefnd Landspítala hefur aflað.
- Birtar upplýsingarnar verði skýrar, einsleitar og samanburðarhæfar, þ.e.a.s. auðvelt að bera saman upplýsingar milli starfsstétta, sviða (þegar það á við) o.fl.
- Framsetning upplýsinganna sé skýr, einföld og aðlaðandi og birtingarhæf á vef Landspítala.
- Aðferðafræði við framsetningu/birtingu upplýsinganna verði skilað skriflega til verkefnastjóra.

Verkefnasvið:

- Fá yfirsýn yfir þær tölulegu upplýsingar sem jafnréttisnefnd Landspítala hefur aflað og vistaðar eru á sharepoint svæði nefndarinnar.
- Koma með tillögur til verkstjóra að framsetningu upplýsinganna sem verða birtar á vef Landspítala.
- Sjá til þess að samþykktar tillögur verði færðar á vef Landspítala.
- Endanleg uppsetning upplýsingaskjala á vef skal unnin í samvinnu við Aldísi Magnúsdóttur, gæðastjóra mannauðssviðs.
- Önnur verkefni samkvæmt ákvörðun verkstjóra/framkvæmdastjóra mannauðssviðs hverju sinni.

Landspítala, 3. ágúst 2010

_____

Erna Einarsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðssviðs